

ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGUR

milli umhverfísráðuneytis og Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar

I. Tilgangur

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur umhverfísráðuneytis og Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar við útfærslu á lögbundnu hlutverki stofnunarinnar. Tilgangurinn er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli ráðuneytisins og stofnunarinnar ásamt því að leggja grunn að áætlanagerð og mati á árangri af starfsemi hennar.

Samningurinn breytir í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri stofnunarinnar eða þeim skyldum sem stofnunin hefur samkvæmt lögum. Þá ber stjórnvaldsábyrgð ráðherra með sér að hann getur fellt samninginn úr gildi ef ekki er staðið við ákvæði hans.

II. Hlutverk Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er sjálfstæð ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfísráðherra. Stofnunin starfar eftir lögum nr. 81 frá 6. júní 1997. Stofnunin er samstarfsvettvangur þeirra sem sinna málefnum norðurslóða hér á landi og er ætlað að efla umhverfisrannsóknir á norðurslóðum og stuðla að sjálfbærri þróun og efla þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi á því sviði.

Verkefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar eru:

- að safna og miðla upplýsingum um málefni norðurslóða
- að stuðla að því að umhverfisrannsóknir á norðurslóðum séu samræmdar og gera tillögur um forgangsroð þeirra
- að miðla fræðslu um málefni norðurslóða til skóla og almennings
- að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni norðurslóða, einkum umhverfisvernd og sjálfbæra þróun
- að annast samstarf við sambærilegar stofnanir erlendis, t.d. um rekstur fjölþjóðlegra verkefna
- að skapa aðstöðu fyrir fræðimenn sem stunda rannsóknarstörf á fræðasviði stofnunarinnar
- að sinna öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

III. Markmið og áherslur

Stefna og markmið Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar eru skilgreind í fylgiskjali sem nefnist “Stefnumörkun fyrir 2011 - 2014” og er hluti af samningi þessum.

Einnig er meðfylgjandi fylgiskjal sem nefnist “Verkefnaáætlun 2011”. Þar eru settir fram mælikvarðar sem mæla árangur verkefna Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Skjal þetta mun taka breytingum á hverju ári í samræmi við þróun þá sem leiðir af framkvæmd og eftirfylgni markmiðanna.

IV. Ábyrgð og skyldur Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar skal annast þau verkefni sem stofnuninni eru falin skv. lögum og reglugerðum.

Fjármálastjórn Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar skal vera í samræmi við verklagsreglur fjármálaráðuneytisins um framkvæmd fjárlaga, rekstur og stjórnun ríkisstofnana í A-hluta svo og ákvæði laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar skuldbindur sig til að haga rekstri sínum þannig að útgjöld séu innan fjárheimilda og fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar skal gera áætlun um rekstur sinn og viðfangsefni fyrir eitt ár í senn.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar skal 1. desember ár hvert skila ráðuneytinu ársáætlun fyrir næsta ár sem innihaldi bæði rekstraráætlun fyrir komandi ár, verkefnaáætlun og tiltekin markmið og mælikvarða innan ársins á grundvelli langtímaáætlunar.

Stofnuinin skal í upphafi árs skila inn niðurstöðu verkefnaáætlunar liðins árs og gera grein fyrir hvernig stofnuninni gekk að ná þeim markmiðum sem sett voru fyrir undangengið ár. Þar skal koma fram mat á starfseminni í heild og gefin heildstæð mynd af árangri. Einnig komi fram samanburður á settum markmiðum og árangri.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar vinnur að jafnri stöðu kynjanna í starfi sínu.

V. Ábyrgð og skyldur ráðuneytis.

Umhverfisráðuneytið skal kynna Stofnun Vilhjálms Stefánssonar tímanlega nýmæli og breytingar á lögum og reglum sem varða starfsemi stofnunarinnar og hafa samráð um mat á kostnaði vegna slíkra breytinga.

Ráðuneytið leggur mat á árangur Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar um framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn kveður á um. Mat þetta skal liggja fyrir eigi síðar en mánuði eftir samráðsfundi enda hafi ráðuneytið þá mótttekið öll umbeðin gögn varðandi samninginn.

Stefnt skal að því að halda árlega sérstakan fund ráðuneytisins með forstöðumanni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar um málefni sem varða hann sérstaklega.

VI. Gagnkvæmar skyldur

Mikilvægt er að fjárveitingar til starfseminnar séu nægjanlegar til að stofnunin geti sinnt skyldum sínum, þróað starfsemina og búið við góða starfsaðstöðu. Í sameiningu munu samningsaðilar vinna að því að styrkja fjárhagslegan grundvöll stofnunarinnar.

VII. Gildistími og endurskoðun samnings


Samingurinn tekur gildi við undirritun og getur hvor aðili um sig óskað eftir endurskoðun samningsins.

Samningur þessu er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

Reykjavík, 30. desember 2010.



Svandís Svavarsdóttir
umhverfisstjórnari



Niels Einarsson
forstjórnari